# Matsferill

## Endurskoðun lesfimi- og stuðningsprófa

Upplýsinga- og fræðslufundur fyrir skóla

Guðbjörg R. Þórisdóttir verkefnisstjóri innleiðingar
Marelle Maeekalle verkefnisstjóri prófagerðar og stafrænnar þróunar
Guðrún Birna Einarsdóttir verkefnastjóri á matssviði

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

# Efnistök

- Um Matsferil
- Innskráning í Matsferil
- Endurskoðun lesfimiprófa
- Mælitölur
- Niðurstöður fyrir nemanda
- Niðurstöður fyrir hóp (bekkur/árgangur)
- Nýr túlkunarrammi
- Fyrirspurnir eða aðstoð?

# Hvað er Matsferill?

- Safn fjölbreyttra matstækja: Heildstæð mynd af stöðu nemenda
  - Stöðu- og framvindupróf (lesfimi, lesskilningur og stærðfræði)
  - Greinandi próf (orðleysulestur og mat á sjónrænum orðaforða)
  - Skimunarpróf (Hljóm-2, Lesskimun fyrir 1. bekk og LANIS)
  - Verkfærakista (Ritunarramminn, Matsrammi fyrir lesfimi og stafakönnun)
- Stafrænt, miðlægt notendaviðmót
  - Fyrirlögn prófa
  - Birting/túlkun á niðurstöðum fyrir nemanda, bekk, árgang, á skólavísu
  - Upplýsingasíður


Próf
Greining og túlkun á niðurstöðum
Skipulag og endurskipulag
Stigskipt kennsla og stuðningur

# Hver er tilgangur Matsferils?

- Að fylgjast með hverju barni og auðvelda þannig starfsfólki skóla að veita viðeigandi kennslu og stuðning á grunni niðurstaðna.
- Að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild þannig að stefnumótandi aðilar geti fylgst með þróun námsárangurs yfir tíma og greint styrkleika, mögulegar áskoranir og lagt til menntaumbætur í kjölfarið.

# Fyrir hvern er Matsferill?

- Fyrir nemendur og forsjáraðila: Heildstæð mynd af námslegri stöðu og framvindu nemenda reglulega yfir skólagönguna.
- Fyrir kennara og skólastjórnendur: Skipulag kennslu í samræmi við þarfir nemenda og að koma auga á börn sem telja má í hættu vegna framvindu náms og þroska.
- Fyrir sveitarfélög: Upplýsingar um stöðu grunnskóla sinna til að geta stutt betur við þá.
- Fyrir stjórnvöld: Vegna stefnumótunar – að móta áherslur og aðgerðir í menntamálum á grunni gagna.

# Matsferill 2025-2026

Tvö verkefni innleidd á landsvísu:

Janúar: Endurskoðuð lesfimi- og stuðningspróf

Mars: Stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði

# Innskráning




- Nemendagrunnur
  - Miðlægur gagnagrunnur sem geymir áreiðanlegar og samræmdar upplýsingar um alla nemendur á grunnskólaaldri á Íslandi.
  - Fyrir áhugasama kennara: https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/nemendagrunnur-kennsla
- Skólastjórar - Nemendagrunnur
  - Stofnun aðgangs fyrir kennara
  - Ábyrgð á skráningu og umsjón með hópum
  - Mikilvægt að hópar séu réttir þegar lesfimi- og stuðningspróf opna 1. janúar 2026.
- Innskráning með rafrænum skilríkjum
  - https://matsferill.mms.is/
  - hjalp@mms.is ef kennarar lenda í erfiðleikum með innskráningu

# Matsferill

## Hvað er hægt að gera ...

- ... núna?
    - Hægt að skrá sig inn í Matsferil og æfa fyrirlögn lesfimiprófsins með æfingaprófi – kíkið við!
- ... í byrjun desember?
    - Hægt að sjá niðurstöður allra nemenda aftur til 2019 – staða, framvinda og fleira.
    - Kynna sér handbók um notkun lesfimi- og stuðningsprófa Matsferils – tímasparandi!
    - Horfa á fræðslumyndbönd um lesfimi- og stuðningsprófin (um prófin, undirbúningur, fyrirlögn og framsetning á niðurstöðum).
- ... í janúar 2026?
    - Leggja lesfimi- og stuðningsprófin fyrir.
    - Skoða niðurstöður prófanna og aðlaga áherslur í kennslu út frá þeim.
    - Senda upplýsingabréf til heimila vegna breytinganna.

# Endurskoðun lesfimiprófs

- Fækkun próftexta haustið 2024
  - Skýrari stígandi í framför milli árganga
  - Betra samræmi við það hvernig lesfimi barna þróast
- Úr Skólagátt í Matsferil 2025
  - Gömlu viðmiðin felld úr gildi - nýr túlkunarrammi
  - Lesin orð á mínútu **OG** mælitala
  - Lýsingar: Skírskotun í mikilvægi lesfiminnar fyrir lesskilning (nám) – byggt á gögnum
  - Viðbótarniðurstöður – auðveldara að greina þarfir nemenda og skipuleggja kennslu/stuðning
- Stafrænt viðmót Matsferils – verður áfram í þróun
  - Tvær notendaprófanir og rýni með kennurum
  - Spurningakönnun til kennara í febrúar

# HANDBÓKIN!

Eykur þekkingu á mati á lestri

Kemur í veg fyrir óvissu

Sameiginleg sýn eða skilningur

Svarar langflestum spurningum

- Um lesfimi- og stuðningsprófin
  - Hvað meta þau og hvernig?
  - Hvert er samspil þeirra?
  - Tengsl lesfimi og lesskilnings
- Undirbúningur undir prófin
  - Hver á að leggja prófin fyrir?
  - Mat á lestri hjá nemendum með ÍSAT
  - Mat á lestri hjá nemendum með vanda
- Fyrirlögnin
  - Æfingapróf í lesfimi
  - Hvenær telst orð vera rangt lesið?
  - Að breyta niðurstöðum prófs
- Lestrarkennslan
  - Mikilvægi virkrar læsisstefnu – byggð á gögnum
  - Skipulag kennslu og stuðnings
  - Heimalestur
  - Læsisvefurinn
- Notkun á niðurstöðum
  - Nýr túlkunarrammi - mælitölur

# Hvað eru mælitölur og til hvers?

- Mælitölur (e. standard score) hjálpa okkur að skilja hversu mikið eða lítið nemandinn hefur af þeirri færni sem verið er að meta.
- Mælitölur eru stöðugri mælieining heldur en lesin orð á mínútu þar sem orð geta verið mislöng. Tökum sem dæmi orðin „í“ og „flugbjörgunarsveit“. Það er augljóst að annað orðið gerir miklu meiri kröfur til lestrarfærni nemenda en hitt.
- Mælitölur gera okkur kleift að setja niðurstöður ólíkra prófa á sama kvarða og bera þær saman. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef við ætlum að skoða t.d. niðurstöður í lesfimi og lesskilningi saman.

Staða nemanda | Framvinda nemanda

# Lesfimi

Við meðaltal

september 2025

Baldur Viktor Þráinsson fékk mælitöluna 12 á lesfimiprófi í september sem er í meðallagi og lestur meðalhraður miðað við jafnaldra. Það þýðir að nemandinn les um það bil 74-83 orð á mínútu við lestur á texta af sambærilegri þyngd. Líkur eru á að hann hafi náð góðum tökum á undirstöðuþáttum í lestri samanborið við jafnaldra en hann þarf áfram góða þjálfun og eftirfylgni til að leggja styrkan grunn að nákvæmum og sjálfvirkum lestri ásamt góðu lestrarlagi.




13 - 19: Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Viðfangsefni í lestrarnámi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi sem þoka nemendum sífellt í átt að auknu læsi.

8 - 12: Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er í meðallagi miðað við jafnaldra. Fylgjast þarf áfram með þróun lestrarfærni þeirra og efla í samræmi við stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf sérstaklega með framvindu lestrarnáms hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9) þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni.

5 - 7: Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Fylgjast þarf vel með framvindu lestrarnáms hjá þessum nemendum. Þeir geta þurft tímabundinn stuðning og eftirfylgni af hálfu skóla í samvinnu við heimili svo takmörkuð lestrarfærni hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

1 - 4: Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er í neðstu mörkum kvarða. Fylgjast þarf mjög vel með framvindu lestrarnáms en þessir nemendur þurfa stuðning og eftirfylgni í samvinnu við heimili. Mikilvægt er að gæta þess að hægar framfarir í lestri hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

Staða nemanda | **Framvinda nemanda**

## Framvinda



# Orðleysulestur

Neðstu mörk

september 2025 | Greinandi próf | Einstaklingsfyrirlögn

Auðun Valborgarson fékk mælitöluna 3 á orðleysuprófi sem er við neðstu mörk kvarða. Miklar líkur eru á að nemandinn glími við vanda. Fylgjast þarf mjög vel með framvindu í lestrarnámi og tryggja markvissa íhlutun og eftirfylgni af hálfu stoðþjónustu skóla í samvinnu við heimili.

## Staða nemanda




Frammistaða nemenda á orðleysuprófi er yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Staða hljóðaaðferðar er góð.

Frammistaða nemenda á orðleysuprófi er í meðallagi miðað við jafnaldra. Staða hljóðaaðferðar að öllum líkindum góð. Fylgjast þarf með nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9) og kanna stöðu hljóðaaðferðar hjá þeim aftur eða þar til þeir eru öruggir á aðferðinni.

Frammistaða nemenda á orðleysuprófi er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Greina þarf stöðu hljóðaaðferðar betur með því að leggja stafakönnun fyrir og nota niðurstöður markvisst til að bregðast við stöðu nemenda. Hægt er að afla upplýsinga um árangur af stuðningi með því að leggja orðleysuprófið fyrir aftur eða þar til niðurstöður eru viðunandi.

Frammistaða nemenda á orðleysuprófi er í neðstu mörkum kvarða. Greina þarf stöðu hljóðaaðferðar betur með því að leggja stafakönnun fyrir og nota niðurstöður markvisst til að bregðast við stöðu nemenda. Hægt er að afla upplýsinga um árangur af íhlutun með því að leggja orðleysuprófið fyrir aftur eða þar til niðurstöður eru viðunandi.

● Nemandi ---- Landsmeðaltal ■ Yfir meðaltali ■ Við meðaltal ■ Undir meðaltali ■ Neðstu mörk

**Staða árgangs** | **Framvinda árgangs**

# Hlutfall nemenda á mælitölubili

Neðstu mörk | Undir meðaltali | Við meðaltal | Yfir meðaltali

**Nemendur með mælitölu 1-7**

Frammistaða nemanda er lakari en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 1-7

**Nemendur með mælitölu 8-12**

Frammistaða nemanda er svipuð og frammistaða jafnaldra. 68% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 8-12.

**Nemendur með mælitölu 13-19**

Frammistaða nemanda er betri en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 13-19.

## Landsmeðaltal




## 3.bekkur



# Meðalárangur hóps

september 2025 | 39/45 nemendur hafa lokið prófi




Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Viðfangsefni í lestrarnámi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi sem þoka nemendum sífellt í átt að auknu læsi.

Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er í meðallagi miðað við jafnaldra. Fylgjast þarf áfram með þróun lestrarfærni þeirra og efla í samræmi við stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf sérstaklega með framvindu lestrarnáms hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9) þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni.

Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Fylgjast þarf vel með framvindu lestrarnáms hjá þessum nemendum. Þeir geta þurft tímabundinn stuðning og eftirfylgni af hálfu skóla í samvinnu við heimili svo takmörkuð lestrarfærni hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

Frammistaða nemenda á lesfimiprófi er í neðstu mörkum kvarða. Fylgjast þarf mjög vel með framvindu lestrarnáms en þessir nemendur þurfa stuðning og eftirfylgni í samvinnu við heimili. Mikilvægt er að gæta þess að hægar framfarir í lestri hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

Staða árgangs | **Framvinda árgangs**

# Hlutfall nemenda á mælitölubili

Neðstu mörk · Undir meðaltali

**Nemendur með mælitölu 1-7**

Frammistaða nemanda er lakari en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 1-7

Við meðaltal

**Nemendur með mælitölu 8-12**

Frammistaða nemanda er svipuð og frammistaða jafnaldra. 68% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 8-12.

Yfir meðaltali

**Nemendur með mælitölu 13-19**

Frammistaða nemanda er betri en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 13-19.

## Landsmeðaltal

| | | |
|---|---|---|
| 21% | 58% | 21% |

## 3.bekkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| september 2025 | 7,7% | 69,2% | 23,1% |
| maí 2025 | 10,8% | 62,2% | 27,0% |
| janúar 2025 | 8,1% | 67,6% | 24,3% |
| september 2024 | 8,1% | 70,3% | 21,6% |

# Meðaltal lesinna orða



## Nemendalisti

Allt | Lokið fyrirlögn 7 | Ekki lokið fyrirlögn 19

| Nafn | OÁM | Mælitala (lesfimi) | Staða (lesfimi) | Staða (OL) | Staða (SO) | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AV Auðun Valborgarson Mælst til: OL Mælst til: SO | 7 | 3 | Neðstu mörk | Neðstu mörk | | Skoða › |
| BÞ Baldur Viktor Þráinsson | 77 | 12 | Við meðaltal | | | Skoða › |
| BG Bergmann Guðmundsson Mælst til: OL Mælst til: SO | 9 | 3 | Neðstu mörk | | | Skoða › |
| ER Elín Harpa Ragnarsdóttir Mælst til: OL Mælst til: SO | 34 | 7 | Undir meðaltali | | Undir meðaltali | Skoða › |
| FB Freyja Birgisdóttir | 68 | 11 | Við meðaltal | | | Skoða › |
| FH Freyr Viktor Hlynsson | 67 | 11 | Við meðaltal | | | Skoða › |
| GÞ Guðbjörg Rut Þórisdóttir | 143 | 17 | Yfir meðaltali | | | Skoða › |

# Nýr túlkunarrammi

## Mælitölur og OÁM

**Staðsetning gömlu viðmiðanna í nýjum túlkunarramma**

**4. bekkur - Heimsóknin**

| Mælitölubil | Staða nemanda | 4. b. sept. | 4. b. jan. | 4. b. maí |
|---|---|---|---|---|
| 1-4 | Neðstu mörk | 1-25 | 1-32 | 2-39 |
| 5-7 | Undir meðaltali | 26-55 | 34-66 | 40-74 |
| 8-12 | Við meðaltal | 79-112 | 91-125 | 99-135 |
| 13-19 | Yfir meðaltali | 114+ | 126+ | 136+ |

Viðmið 1
Viðmið 2

**5. bekkur - Heimsóknin**

| Mælitölubil | Staða nemanda | 5. b. sept. | 5. b. jan. | 5. b. maí |
|---|---|---|---|---|
| 1-4 | Neðstu mörk | 1-34 | 3-40 | 2-44 |
| 5-7 | Undir meðaltali | 36-71 | 41-78 | 45-85 |
| 8-12 | Við meðaltal | 97-133 | 105-143 | 112-151 |
| 13-19 | Yfir meðaltali | 134+ | 144+ | 152+ |

# Fyrirspurnir?



- Tæknilegar fyrirspurnir s.s. vegna innskráningar: hjalp@mms.is
- Allt annað: gudbjorg@midstodmenntunar.is